



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Kjarasamningur 2024
Kynning á Teams fyrir félagsmenn
8. maí 2024
Ari Skúlason – formaður SSF


Nýr kjarasamningur – helstu atriði

- Samningurinn er afturvirkur og gildir frá 1. febrúar 2024 og er til fjögurra ára.
- Samningurinn er náskyldur þeim samningum sem gerðir hafa verið á almenna markaðnum fram að þessu
- Eðlilegar launabreytingar – sömu prósentuhækkanir fyrir alla – ekkert þak – meiri hækkanir á lægstu laun
- Breytingar á orlofsrétti – lágmarksorlof lengist, 27 dagar fara í 28 daga 2025, hraðari ávinnsla m.v. starfstíma innan greinar
- Skerðingar í líftryggingum minnka, skerðing við 60 ár í stað 50
- Hærra iðgjald í Menntunarsjóð, úr 0,21% upp í 0,30% af launum

Löng samningalota – og margskipt

- Enn einu sinni óvenjulegt ástand – verðbólga, stýrivextir, Grindavík
- Kjarasamningar mjög dýr pakki fyrir ríki og sveitarfélög – ekki skoðað hér
- Formaður SSF tók þátt í 16 samningafundum í Karphúsi í janúar og febrúar – í þeirri lotu var meðal annars tekist á um prósentuhækkanir launa
- Eftir það bauð SSF gagnaðilum til þriggja samningafunda – tilraun til þess að leysa mál með einföldum hætti á heimavelli
- Það tókst ekki og SSF vísaði málinu til Sáttasemjara þann 15. maí
- Alls voru haldnir 7 fundir hjá Sáttasemjara – mis fjölmennir
- Samningar náðust 6. maí

Launabreytingar í samningi



Lágmarkshækkun launa 23.750 kr.

Desemberuppbót

Ár	kr.
2024	106.000
2025	110.000
2026	114.000
2027	118.000

Orlofsuppbót

Ár	kr.
2024	58.000
2025	60.000
2026	62.000
2027	64.000

Starfsheiti í kjarasamningi SSF

	Nú	Hækkun	Verður	Hækkun
Nýliðar	456.415	23.750	480.165	5,2%
Gjaldk. og ritarar	488.490	23.750	512.240	4,9%
Þjón.f. og ráðgj.	544.574	23.750	568.324	4,4%
Féhirðir	603.609	23.750	627.359	3,9%
Sérfræðingar	646.370	23.750	670.120	3,7%

Öll önnur laun hækka um 3,25% 2024 og 3,5% hin árin.

Framleiðniauki: Launauki byggður á þróun framleiðni

Umsamdar launahækkanir taka mið af svigrúmi atvinnulífsins til launahækkana og samrýmast verðstöðugleika til lengri tíma.

Langtíma meðaltal framleiðnivaxtar:

1,5%



Aukist framleiðni meira en gert er ráð fyrir mun launafólk fá hlutdeild í þeirri verðmætaaukningu í formi sérstaks framleiðniauka

Framleiðniauki getur komið til:

**1. apríl
2026 og 2027**



Framleiðnivöxtur

Framleiðniauki

> 2,0%

+0,35%

> 2,5%

+0,70%

> 3,0%

+1,05%


Vaxi framleiðni um meira en 2% á árinu 2025 skal miða við þá tölu sem lægri er, framleiðnivöxt á árinu 2025 eða aukningu í framleiðni m.v. grunnárið 2023.

Við seinni skoðunarpunkt þarf vísitala framleiðni að hafa vaxið um a.m.k. 2% frá seinasta hápunkti til að framleiðniaukinn geti komið til og gildir þá sama regla.

Uppsafnaður hagvöxtur þarf jafnframt að vera jákvæður m.v. grunnárið 2023.

Framleiðni í fjármálapjónustu jókst um 63% frá 2015 til 2022 – 7,3% á ári að meðaltali

Forsendur kjarasamninga



Forsendur **endurskoðunar** 1. september 2025

- 12 mánaða verðbólga sé yfir 4,95% eins og hún mælist í ágúst 2025.
- Verðlagsforsendur teljast hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu mars – ágúst 2025 er 4,7% eða lægri miðað við árshraða.
- Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga.

Forsendur **endurskoðunar** 1. september 2026

- 12 mánaða verðbólga sé yfir 4,7% eins og hún mælist í ágúst 2026.
- Verðlagsforsendur teljast hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu mars – ágúst 2026 er 4,4% eða lægri miðað við árshraða.

Kjarasamningur SSF byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um kaup-taxtaauka og framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er heimilt að segja samningnum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Breytingar á ávinnslu orlofs í samningi SSF



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Ávinnsla frá 1. maí 2024

	Dagar
Lágmarksorlof starfsmaður skal fá orlofsdaga í samræmi við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu	25
Eftir 4 ára starf	27
Eftir 8 ára starf	30

Ávinnsla frá 1. maí 2025

	Dagar
Lágmarksorlof starfsmaður skal fá orlofsdaga í samræmi við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu	25
Eftir 4 ára starf	28
Eftir 8 ára starf	30

Aukið orlof kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025

Aukið orlof kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026

Líftryggingar og menntunarsjóður í samningi SSF

Líftryggingar

- Frá 1. júlí 2024 skulu líftryggingafjárhæðir þeirra sem eru eldri en 60 ára (í stað 50 ára áður) lækka um 4% af grunntryggingar-fjárhæðum fyrir hvert aldursár umfram 60 ár.

Menntunarsjóður

- Frá 1. júní greiða fjármálafyrirtæki 0,30% af mánaðarlaunum starfsmanns til Menntunarsjóðs SSF.
- Samningsaðilar eru sammála um að við uppfærslu kjarasamningsins munu aðilar sameiginlega yfirfara orðalag eftir því sem þörf er með það að markmiði að reyna að skýra betur ákvæði samningsins án þess að það leiði til efnisbreytinga.

Stóra myndin í kringum samning SSF



- Sama krónutala fyrir alla og þak var stærsta vandamál okkar síðast.
- Þar á undan var líka sama krónutala fyrir alla
- Við fengum því hlutfallslega minna en flestir aðrir í þessum tveimur samningum og töpuðum miðað við aðra
- Nú er sama prósentu fyrir alla og ekkert þak – við fáum ekki minna en flestir aðrir – náum fram stærstu kröfunni frá því í fyrra
- SSF tók þátt í því með öðrum fyrr í vetur að berjast gegn sömu krónutölu fyrir alla – í raun barátta við Breiðfylkinguna

Sameiginleg markmið á vinnumarkaði

- SSF tekur þátt í því með öðrum að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta – þótt hægt gangi enn
- Kaupmáttarþróun fer mikið eftir þróun verðbólgunnar
- Fari svo að öðrum samningum verði breytt vegna verðbólgu, framleiðniaukningar eða annarra þátta mun samningur SSF breytast með sama hætti

Gagnkröfur SA – í viðræðunum

- SA er alltaf að leita af hugmyndum um sölu okkar á einhverju í staðinn fyrir það sem við viljum fá – kaup kaups
- SA reynir sífelld að draga úr réttindaviðmiðun vegna starfs í greininni og reynir að færa yfir í ávinnslu réttinda innan fyrirtækis
- Okkar félagsfólk metur réttindi innan greinar mikils
- Tillaga um skerðingu á lengingu orlofs utan orlofstíma kemur t.d. upp aftur og aftur
- Við erum því líka alltaf að verja það í viðræðum sem við höfum náð fram til þessa. Við erum með margt sem er betra en hjá öðrum og áhugi er á að breyta.

Niðurstaða samninganefndar SSF

- Við höfum nú þegar eytt mörgum vikum í samningaviðræður
- Okkar meginkrafa var stytting vinnutíma og/eða frí á Gamlársdag
- Krafa um styttingu náðist ekki fram, aðallega vegna þess að aðrir stærri hópar á almennum markaði tóku málið ekki upp
- Við reyndum við aðra þætti, t.d. hækkun iðgjalds í skyldutryggingarhluta lífeyrissjóðs
- Öllum þessum kröfum var hafnað af SA
- Í rauninni vorum við allan tímann að tala við SA – lítið við bankana

Niðurstaða samninganefndar SSF

- Samninganefndin taldi að ekki væri hægt að ná lengra við þessar aðstæður
- Þá taldi samninganefndin líka að ekki væri líklegt að boðun verkfalls og mögulegt verkfall myndi færa okkur nauðsynlegan ávinning
- Við hvetjum alla til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslunni (þá þarf netfang eða símanúmer að vera í lagi á mínum síðum) og greiða atkvæði eftir bestu samvisku.
- Atkvæðagreiðsla hefst væntanlega á föstudag – verður kynnt nánar á heimasíðu SSF